

## Fundargerð 461

Föstudaginn 25. maí kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í höfuðstöðvum Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Einar E. Einarsson varaformaður, Gunnar Þorgeirsson, Karl Björnsson, Sigríður Jóhannesdóttir, María Hjálmarsdóttir og Gunnar Þór Sigurbjörnsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs (sem jafnframt ritaði fundargerð), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-7), Hrunn Pétursdóttir umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 8), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5) og Anna Lea Gestsdóttir sérfræðingur af þróunarsviði (við dagskrárlið 9).

Illugi Gunnarsson formaður setti fund í gegnum síma kl. 10:02 og bauð fundarmenn velkomna, þá sérstaklega nýja stjórnarmenn. Hann boðaði forföll vegna veikinda og fól því fundarstjórn Einari E. Einarssyni varaformanni. Fundurinn hófst á því að stjórnarmenn og viðstaddir starfsmenn kynntu sig stuttlega. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Funda- og starfsáætlun stjórnar 2018-2019 – til afgreiðslu
3. Hámarks áhættuviðmið í lánveitingum til landbúnaðar – til afgreiðslu
4. Fundargerðir lánanefndar – til afgreiðslu
5. Tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar – til afgreiðslu
  - a. Drangsnæs
  - b. Suðureyri
  - c. Bakkafjörður
  - d. Djúpivogur
  - e. Tálknafjörður
6. Skipan endurskoðunarnefndar – til afgreiðslu
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 – til kynningar
8. ICAAP skýrslan 2018 (innra mat á eiginfjárförf Byggðastofnunar – Internal Capital Adequacy Process) – til kynningar
9. Staðsetning ríkistarfa – til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundir

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Varaformaður bar upp fundargerð síðasta stjórnarfundar nr. 460 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Funda- og starfsáætlun stjórnar 2018-2019 – til afgreiðslu

AP fór yfir áætlun um stjórnarfundir fram að næsta aðalfundi. Stjórnarmenn voru ánægðir með að skipuleggja fundir svo langt fram í tímann og að fundir væru haldnir sem víðast um landið.

- 25. maí – Sauðárkrókur
- 20. júní – Ísafjörður
- 24. ágúst – Sauðárkrókur

- 21. september – Vopnafjörður
- 19. október – Sauðárkrókur
- 16. nóvember – Grindavík
- 7. desember – Sauðárkrókur
- 18. janúar – Húsavík
- 22. febrúar - Sauðárkrókur
- 22. mars – Vesturland
- 12. apríl – Á fundarstað ársfundar

Samþykkt samhljóða.

### 3. Hámarks áhættuviðmið í lánveitingum til landbúnaðar – til afgreiðslu

AP fór yfir tillögu sína og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviða um að hækka hámarksviðmið útlána til landbúnaðar úr 35% í 45% af útlána- og hlutabréfasafni stofnunarinnar til þess að mæta aukinni eftirspurn úr þessari atvinnugrein.

Jafnframt voru ræddar hugmyndir um leiðir til að auka eftirspurn úr öðrum atvinnugreinum.

Stjórnarmenn voru hlyntir því að takmarka lánveitingar vegna endurfjármögnunar og nýta frekar lánsfé til nýrra verkefna. Einnig að skoða með nýja lánaflokka t.d. í smávirkjunum eða verkefni sem miða að kolefnisjöfnun. Forstjóra var falið að ræða við ráðherra landbúnaðarmála um þær framkvæmdir sem kúabændur þurfa að fara í sökum breyttrar aðbúnaðarreglugerðar og þær fjármögnunarleiðir sem þessum bændum standa til boða.

Tillaga: Lagt er til að áhættuviðmið stofnunarinnar í landbúnaði verði hækkað í 45%. Samhliða verði dregið úr lánveitingum til málaflokksins með því að 1) landbúnaðarlán til bænda í mjólkurframleiðslu verði að öllu jafna aðeins veitt þar sem kvóti er fyrir hendi fyrir stærstum hluta þeirrar framleiðslu og 2) að dregið verði úr landbúnaðarlánum til endurfjármögnunar annarra skulda.

Samþykkt samhljóða.

Starfsmönnum einnig falið að teikna upp tillögur að leiðum til að auka lánveitingar til annarra atvinnugreina fyrir stjórn með haustinu.

### 4. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu

AME fór yfir fundargerðir nr. 18/18 & 19/18 sem lágu fyrir fundinum og þau tvö lánamál sem þarfnast afgreiðslu stjórnar.

...

...

### 5. Tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar – til afgreiðslu

Sigurður Árnason fór yfir tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar.

#### a. Drangsnæs

Tillaga til stjórnar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnsluna Drang ehf., Útgerðarfélagið Skúla ehf. og ST-2 ehf. vegna 250 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðiára á grundvelli umsóknar félaganna. Umsögn viðeigandi sveitarstjórnar liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

b. Suðureyri

Tillaga til stjórnar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnsluna Íslandssögu hf., Norðureyri ehf., Flugöldu ehf., EA-30 ehf., Hraðfrystihúsið Gunnvöru hf., Klofning ehf. og Arnarlax ehf. vegna 500 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðiára á grundvelli umsóknar félaganna. Umsögn viðeigandi sveitarstjórnar liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

c. Bakkafjörður

Afgreiðslu frestað.

d. Djúpvogur

Tillaga til stjórnar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Búlandstind ehf., Eyfreyjunes ehf., Fiskeldi Austfjarða ehf., Laxa Fiskeldi ehf. og Ósnes ehf. vegna 800 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðiára á grundvelli umsóknar félaganna. Umsögn viðeigandi sveitarstjórnar liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

e. Tálknafjörður

Tillaga til stjórnar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Odda hf., Steglu ehf., Garraútgerðina ehf. og Þórsberg ehf. vegna 400 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðiára á grundvelli umsóknar félaganna. Umsögn viðeigandi sveitarstjórnar liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga til stjórnar: Lagt er til að umsókn Skarfakletts ehf. verði hafnað þar sem hún uppfyllir ekki skilyrði 7.gr.reglugerðar nr. 643/2016. Umsögn viðeigandi sveitarstjórnar liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

Umræða spannst um byggðaleg áhrif veiðigjalda sem hafa verulega íþyngjandi áhrif á útgerðir í landsbyggðunum. Starfsmönnum falið að draga saman upplýsingar um þessa þróun og leggja fyrir stjórn við fyrsta tækifæri.

## 6. Skipan endurskoðunarnefndar – til afgreiðslu

AÐ fór yfir minnisblað um skipun endurskoðunarnefndar 2018-2019.

Tillaga: Lagt er til að endurskoðunarnefnd verði skipuð sömu fulltrúum áfram starfsárið 2018- 2019

Samþykkt samhljóða.

## 7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 – til kynningar

AÐ fór yfir stöðu verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun. Hann tæpti einnig á nýafstaðinni ferð starfsmanna Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna til Kanada.

KB ræddi mikilvægi þess að Byggðaaætlun komi til afgreiðslu þingsins nú í byrjun sumars en dragist ekki fram á haustið.

Umræður spunnust um svæðisbundna flutningsjöfnun og hvort ekki væri tilefni til að útvíkka þá starfsemi sem undir hana falla. AÐ ræddi að með haustinu verði þessi málefni tekin til endurskoðunar ásamt flutningsjöfnunarsjóði olíuvara.

MH taldi mikilvægt að finna verkefninu Brothættar byggðir nýtt og jákvæðara nafn. Þá óskaði hún upplýsinga um stöðu þessa verkefnis og hvert framhaldið verði. AÐ og EEE tóku undir athugasemdir með nafngiftina. AÐ fór yfir að verkefnið væri í fullum gangi, væri árangursríkt og verði áframhaldið.

Rædd voru málefni fasteigna stofnunarinnar að Valgerðastöðum á Fljótsdalshéraði, kauptilboð hefur borist í eignirnar og verður lagt fyrir lánanefnd og síðar stjórn til afgreiðslu af aflokinni greiningu.

## **8. ICAAP skýrslan 2018 (innra mat á eiginfjárbörf Byggðastofnunar – Internal Capital Adequacy Process) – til kynningar og staðfestingar.**

AÐ fór yfir tilgang og tilurð ICAAP 2018 skýrslu stofnunarinnar. HP kom á fundinn og kynnti skýrsluna fyrir stjórnarmönnum og svaraði fyrirspurnum ásamt forstjóra. Stjórn staðfesti skýrsluna.

## **9. Staðsetning ríkisstarfa**

ALG fór yfir skýrslu stofnunarinnar um staðsetningu ríkisstarfa. Hún sagði skýrsluna aðgengilega á heima- og Facebooksíðum stofnunarinnar. Umræða varð um með hvaða hætti mætti gera skýrsluna aðgengilegri og koma henni í víðari dreifingu.

EEE taldi ljósleiðaravæðingu gefa mikla möguleika á að koma störfum frá höfuðborgarsvæðinu. AÐ benti á að í tillögu að Byggðaaætlun sé liður um aðgerðir til að fjölga ríkisstörfum í landsbyggðunum.

## **10. Önnur mál**

AÐ fór yfir að fjögur tilboð hafi borist í nýbyggingu húsnæðis Byggðastofnunar. Framkvæmdasýslan mun í framhaldinu fara yfir tilboðin og meta þau.

AÐ sagði frá byggðaráðstefnu sem fyrirhuguð er á árinu samkvæmt starfsáætlun en áætlað er að halda hana á Hótel Stykkishólmi 16-17 október n.k. Þemað verði byggðaþróun og umhverfisvernd. Auglýst verði eftir erindum á þessa ráðstefnu um miðjan júní.

AÐ fór yfir góða niðurstöðu stofnunarinnar í starfsmannakönnun SFR og jákvæða línu í gegnum starfsmannasamtöl sem nú er að ljúka.

AÐ sagði einnig frá fundi stofnunarinnar með endurskoðunarnefnd um búvörusamninga um stöðu sauðfjárþænda sem gætu glímt við lækkan afurðaverðs að nýju í haust. Afurðastöðvar standa einnig mjög illa. AÐ taldi mikilvægt að ef farið verði í fækkun fjár verði það gert með byggðasjónarmið í huga. SJ taldi mjög mikilvægt að huga vel til verka á þessu sviði því byggðasjónarmið tengd sauðfjarrækt eru mikil.

## **11. Næsti fundir**

Næsti fundur verði 20. júní á Ísafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:15

Arnar Már Elfásson fundarritari
